

### 3. Fundur trúnaðarráðs – 6. nóvember 2023

Eftirtaldir sátu fundinn: Bára Kristín Pétursdóttir (BKP, fjarf.), Dóra Magnúsdóttir (DM, fjarf.), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ, varam.), Jens Ruminy (JR), Jóna Fanney Friðriksdóttir (JFF), Jóhanna Magnúsdóttir (JM, varam.), Kári Jónasson (KJ), Sigrún Pálsdóttir (fjarf.), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁvaram.) og Valva Árnadóttir (VÁ, fjarf.).

Formaður setti fund kl. 20:15.

#### Dagskrá og afgreiðslur:

#### 1. Kjaramál.

##### Formannafundur ASÍ:

Formaður fór yfir helstu áhersluatriði sem fram komu á formannafundi ASÍ þ. 3. nóvember sl. Sagði hún fundinn hafa verið mjög góðan, mikil samstaða hafi verið á meðal fulltrúa aðildarfélaganna fimm tíu með að koma sameinuð til viðræðna við stjórnvöld og SA. Þannig yrðu meginlínur í kröfum allra aðildarfélaganna sameiginlega dregnar gagnvart stjórnvöldum og SA, en hvert og eitt félag færi einnig fram með eigin kröfugerð, atriði sem ekki falla undir sameiginlegar kröfur.

Umræður urðu um málið.

KJ kom inn á mikilvægi þess að lögð yrði áhersla á réttindi þeirra leiðsögumanna sem komnir eru um og yfir sjötugt, en löggjafinn leyfir atvinnurekendum að hætta greiðslu á mótframlagi upp á 11,5% í lífeyris-sjóð þegar starfsmenn verða 70 ára. Voru fundarmenn sammála um að þetta þyrfti að brýna fyrir stjórnvöldum, enda margir leiðsögumenn í þessari stöðu. Formaður upplýsti að málið hafi þegar verið rætt á fundum viðræðunefndar og fari inn í kröfugerð til stjórnvalda, því hér væri um lagabreytingu að ræða.

Ofangreint var til kynningar.

##### Fjölgun í viðræðu-/kjaranefnd:

Stjórn hafði áður ákveðið að sameina viðræðu- og kjaranefnd og voru fundarmenn sammála um að kalla nefndina viðræðunefnd í samræmi við lög félagsins. Umræður voru um hvort fólk sem ekki greiðir iðgjöld eigi rétt á að sitja í viðræðunefnd, umræðan náði ekki lengra enda segir ekkert um þetta í lögum félagsins og ljóst að allir skráðir félagar geta tekið sæti í nefndinni.

Tillaga liggur fyrir fundinum um að fjölga aðilum í viðræðunefndinni og hafa eftirtaldir aðilar gefið kost á sér: Ásgeir Sverrisson, Daði Hrólffsson, Guðmundur Örn Ragnarsson, Guðný Margrét Emilsdóttir, Karl Jóhannsson, Sigurður Albert Ármannsson og Valgeir Ómar Jónsson.

**Afgreiðsla:** Trúnaðarráð samþykkir að ofangreindir aðilar bætist í hóp viðræðunefndar (sameinaðrar viðræðu- og kjaranefndar) vegna komandi kjarasamninga. Fundur trúnaðarráðs veitir viðræðunefnd umboð til að ganga til viðræðna við stjórnvöld og SA/SAF undir sameiginlegum hatti ASÍ. Einn situr hjá.

#### 2. Önnur mál:

##### a. Snorri Steinn Sigurðsson óskar eftir að ræða „stöðuna sem upp er komin í félaginu“.

Áður en formaður gaf SSS orðið minnti hún fundarmenn á hlutverk trúnaðarráðs skv. lögum félagsins og brýndi fyrir fundarmönnum að málefni kjörinna fulltrúa og deilur þeirra á milli væru ekki til afgreiðslu í

ráðinu. Sjálfsagt væri þó að stikla á stóru vegna bókarinnar. Sagði hún að brýnast væri nú að skoða þær sviðsmyndir sem upp væru komnar á afar viðkvæmum tímapunkti í starfinu og vísaði hún þar til kjarasamningaviðræðna. Greinargerð formanns liggur fyrir fundinum og óskaði hún eftir að greinargerðin væri fylgiskjal með fundargerð þessari.

SAÁ taldi þær sviðsmyndir sem formaður dregur upp í greinargerð væru rangtúlkun á lögum félagsins. Í því tilviki að formaður myndi ákveða að segja af sér, tæki varaformaður yfir störf formanns stjórnar að hans mati. Ekki þyrfti að efna til kosninga. Sagði hann minnihluta stjórnar, þ.e. tvo aðalmenn í stjórn og þrjá varamenn, senda frá sér greinargerð vegna málsins fljótlega og að taldi að halda ætti félagsfund allra fyrst eða þ. 14. nóvember nk.

Benti formaður á lög Leiðsagnar, 13. gr. þar sem skýrt kæmi fram að það sé ekki trúnaðarráðs heldur stjórnar að boða til félagsfundar. Mæltist formaður því til að erindinu um félagsfund yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt. SAÁ og JM viku af fundi kl. 22:38.

Formaður las upp úr greinargerð sinni sem barst trúnaðarráði fyrir fundinn og greindi frá þeim sviðsmyndum sem stjórn stæði frammi fyrir í dag. Vísað er til greinargerðar hennar hér í lok fundargerðar hvað þær varðar. Umræður.

JR og KJ lýsa því yfir að þeir átti sig ekki nægilega vel á stöðunni sem upp er komin. BKP tekur undir það og segist ekki vilja taka afstöðu og gera upp á milli fylkinga. Fundarmenn sammála um að leiða þurfi mál til lykta hið snarasta, stjórn sé óstarfhæf og þar með sé undirbúningur kjarasamninga í húfi.

BKP lagði fram eftirfarandi bókun: „Ég vil að það sé bókað af því Sig. Albert nefnir ábyrgð trúnaðarráðs sem þurfi að taka afstöðu gagnvart því að stjórn sé óstarfhæf. Ég vil taka það fram að til þess að geta það þurfa trúnaðarráðsmenn að geta kynnt sér skrifleg gögn sem ekki hafa verið lögð fram (nema fyrir suma). Ég vil ekki taka ábyrgð eða taka afstöðu byggða á "hearsay" eða „þessi sagði“ og „þessi sagði“. Það væri ábyrgðarlaust. Staðan er grafalvarleg og stjórn þarf fyrst og fremst að muna að kjarasamningar eru í húfi. Ef bandalagið við VR fer út um þúfur getum við kysst þennan samning bless.“

**Afgreiðsla:** Trúnaðarráð beinir því til stjórnar Leiðsagnar að fá ASÍ til að tilnefna hlutlausan aðila til að rannsaka sannleiksgildi þeirra ásakana í garð formanns sem minnihluti stjórnar lagði fram í bókun á stjórnarfundi 30. október sl.

Guðný Margrét Emilsdóttir óskaði eftir að eftirfarandi yrði fært til bókar undir þessum lið: „Á fundi stjórnar Leiðsagnar, haldinn 11.09.2023, sat ég hjá við afgreiðslu stjórnar, vegna lækkaðs starfshlutfalls starfsmanns skrifstofu Leiðsagnar. Ég tók engan þátt í umræðunni né heldur samþykkti ég fundargerðina.“

**b. Snorri Steinn Sigurðsson bað um að ræða málefni félagsmanns sem nú sætir lögreglurannsókn eftir að hafa löðrungað ólöggráða einstakling.**

Tjáði SSS að hann hafi átt fund með umræddum félagsmanni og sagði málið margþætt. Kanna þyrfti hvort umsvifalaus brottvikning aðilans úr starfi hafi verið lögmæt. Um lögreglu- og barnaverndarmál er að ræða og málið því viðkvæmt. Ritari (DM) benti á að það væri ekki hlutverk trúnaðarráðs að ræða mál einstakra félaga og nefndi að æskilegt væri að vísa málinu til stjórnar.

Fundi slitið kl. 22.52.  
Fundarritun: DM.

**Fylgiskjal: Greinargerð formanns.**

## GREINARGERÐ FORMANNS LEIÐSAGNAR

### VEGNA VANTRAUSTSYFIRLÝSINGAR GEGN FORMANNI SEM FRAM KOM Á STJ.FUNDI 30. OKT '23

**Berist: Trúnaðarráði Leiðsagnar**

**Frá: Jónu Fanneyju Friðriksdóttur, formanni**

**Dags: 6. nóvember, 2023**

---

Sem formaður Leiðsagnar með dagskrárvald á fundum trúnaðarráðs hafði ég ákveðið að þær árásir sem minnihluti stjórnar hefur nú gert á formann Félags leiðsögumanna og mína persónu og hófust opinberlega með bókun á fundi stjórnar þ. 30. október sl. - yrðu ræddar síðar í vikunni. Fannst mér kjaramálin og undirbúningur kjaraviðræðna verðskulda alla athygli trúnaðarráðs, en nú hefur Snorri Steinn Sigurðsson beðið um að „*ræða stöðuna sem komin er upp í félaginu*“ á fundi ráðsins og hef ég orðið við því.

Þessi greinargerð inniheldur allt það sem ég hef um „*stöðuna sem upp er komin í félaginu*“ að segja, um mál sem ekki varða starfsemi félagsins og því hlutverki sem því er ætlað að gegna í þágu félagsmanna, heldur meintar persónulegar ávirðingar og deilur.

Fyrir félagið tel ég það afar sorglegt hvernig minnihluti stjórnar hefur undanfarið veist að formanni Leiðsagnar og mér sem persónu. Togstreitan hófst strax í vor en nú hafa þessi öfl innan félagsins kosið að breiða út undirróður gegn mér í fjölmiðlum og það á afar viðkvæmum tímapunkti í starfi félagsins. Á meðan stéttarfélög landsins eru að þetta raðirnar vegna þríhliða umræðna um kjarasamning á vettvangi ASÍ, kjósa viss öfl innan félagsins að eyða heldur orku stjórnar í ófrægingarherferð sem gengur út á að svarta mannorð formannsins og hrekja hana úr embætti. Væri einhver sannleikskjarni til í þeirra málflutningi væri upphlaup þeirra skiljanlegt. Svo er þó ekki, heldur þvert á móti og auðvelt mun verða að hrekja þau ósannindi.

Meirihluti félagsmanna kaus sinn formann í lýðræðislegum kosningum á aðalfundi í vor og veittu henni umboð m.a. til að leiða félagið í komandi kjarasamningaviðræðum. Þessi aðför að formanni Félags leiðsögumanna nú, verður því ekki skilin öðruvísi en svo að hún beinist að félagsmönnum og þeirra hagsmunum sem stjórn Leiðsagnar er ætlað að verja í komandi kjarasamningum. Með því að ráðast á formann með svo auvirðulegum hætti er minnihlutinn að hunsu niðurstöður kosningu á aðalfundi og samtímis að grafa undan Félagi leiðsögumanna á einkar óheppilegum tímapunkti. Í stað þess að einbeita sér að því að auka hróður leiðsögumanna og eyða orkunni í að verja þeirra hagsmuni af lífi og sál, er með fullkomnu ábyrgðarleysi verið að leggja innra starf félagsins endanlega í rúst.

Trúnaðarráð Leiðsagnar er ekki rétti vettvangurinn fyrir formann að svara þeim nóturlegu ásökunum sem á mig hafa verið bornar enda heyrna málefni kjörinna fulltrúa ekki undir ráðið. Trúnaðarráð félagsins þjónar ekki því hlutverki að vera e.k. hæstiréttur félagsins eða kviðdómur þar sem málefni kjörinna fulltrúa eru lögð í einhvern Stóradóm. Hlutverk ráðsins er skýrt og afmarkað í lögum félagsins, vald ráðsins liggur í ákvörðunum er lúta að kjarasamningum, þ.e. gerð þeirra, samþykkt og að bera þá undir atkvæði. Að öðru

leyti er trúnaðarráð stjórn til ráðgjafar í almennum málefnum félagsins, sem veitir ráðinu þó ekki rétt til að hlutast til um ákvarðanir sem falla undir aðra, s.s. stjórn eða aðalfund sem kýs sér stjórn og formann í beinni kosningu.

Á mig hafa verið bornar alvarlegar sakir á opinberum vettvangi. Í þeim felast ærumeiðingar gagnvart mér persónulega og sem formanni félagsins. Ekki verður unnt að skera úr um sannleiksgildi svo alvarlegra ásakana á fundum með félagsmönnum, hvorki í trúnaðarráði né á félagsfundi þar sem félagsmenn skipa sér í fylkingar og geðshræring ræður för. Hér þarf, í samvinnu við ASÍ, að fá hlutlausan aðila til að skoða þessar ásakanir og ærumeiðingar minnihluta stjórnamanna í minn garð. Annað væri ófaglegt og ekki líklegt til að leiða sannleikann í ljós. Ég sætti mig ekki við annað en að málið verði skoðað af hlutlausum aðila þar sem orðspor mitt er undir. Ákvörðun um slíkt tekur stjórn félagsins. Mér kemur því ekki til hugar að halda uppi einhvers konar persónulegri málsvörn, hvorki á fundum trúnaðarráðs né öðrum fundum félagsmanna. Máli þessu er þannig háttað að hér verður hlutlaus aðili að skerast í leikinn og mun ég falast eftir aðstoð ASÍ í þeim málum. Þegar niðurstöður liggja fyrir er sjálfsagt að funda með félagsmönnum og fara yfir málið lið fyrir lið.

Þegar fólk er kosið í stjórn stéttarfélags er félagið fært í þeirra umsjón. Stjórnarsetu og öðrum trúnaðarstörfum fylgir því mikil ábyrgð gagnvart félagsmönnum og hagsmunum þeirra. Brýnt er nú að allir aðalmenn í stjórn átti sig á þeim sviðsmyndum og þeim skaða sem félagið gæti nú staðið frammi fyrir:

#### SVIÐSMYNDIR SEM STJÓRN STENDUR FRAMMI FYRIR Í DAG:

- Kjósi formaður að víkja vegna rangra sakargifta minnihlutans (eftir að nafn hennar hefur verið hreinsað) og langvarandi togstreitu milli einstakra aðila og þá sérstaklega við varaformann Snorra Stein Sigurðsson, þá er komin upp sú staða að félagið þarf í formannskosningar hér og nú. Varaformaður hefur ekki félagslegt umboð til að taka við starfinu og hvorki trúnaðarráð, almennur félagsfundur né framhaldsaðalfundur getur kosið formann og stjórn.
- Ákveði fleiri aðalmenn í stjórn að víkja með formanni gæti sú staða komið upp að öll stjórn Leiðsagnar verði þannig mynduð af þeim sem hlutu kosningu varamanna á aðalfundi í vor, flestir þeirra með örfá atkvæði að baki. Myndi sú minnihlutastjórn halda, verða félagsmenn sáttir eða þarf félagið auk formannskjörs að fara samtímis í stjórnarkjör?
- Það vita það allir að (rafrænum) kosningum um formann og stjórn með þeim aðdraganda og frestum sem lögin kveða á um verður ekki rúllað upp á nokkrum dögum innan stéttarfélags. Með þeirri sviðsmynd yrði eitt aðal forgangsverkefni félagsins í dag, undirbúningur kjarasamninga ekki lengur í forgrunni hjá félaginu næstu vikur, orka þeirra sem eftir sitja færi því í tæknileg atriði vegna nýs formannskjörs (og jafnvel stjórnar).
- Frumkvæði formanns að bandalagi við VR sem handsalað hefur verið, byggir á trausti þess stéttarfélags á núverandi forystu Leiðsagnar. Ekki er einhlítt að það traust verði sjálfkrafa fyrir hendi ef nýr formaður (og jafnvel stjórn) verður kosinn.
- Fyrrum stjórn skilur eftir sig mörg krefjandi mál til úrlausnar. Það alvarlegasta af öllum er þó sinnuleysi þeirra gagnvart kjarabrotum félagsmanna sem inn á þeirra borð komu. Fyrri forysta Leiðsagnar, með formann kjaranefndar í broddi fylkingar, hefur sýnt af sér vítavert aðgerðarleysi

í meðferð á launþjófnaði fyrirtækja á undangengnum árum. Ekkert af þeim tugum brotamála sem komu á borð fyrri stjórnar fór í formlegan farveg og bera nú lögmennt hinna brotlegu fyrirtækja við fyrningu og þá ekki síst „tómlæti“ fyrrum forystu Leiðsagnar til að komast hjá því að standa skil á þeim fjármunum sem stolið hefur verið af félagsfólki, fjölskyldum í landinu. Hér

er mögulega um persónulegt tjón félagsmanna upp á tugi milljónir króna að ræða sem kemur til vegna aðgerðaleyfis fyrri forystu Leiðsagnar. Er líklegt að félagsmenn treysti því sama fólki, sem

-

nú situr í minnihluta með núverandi varaformann og þáverandi formann kjaranefndar í broddi fylkingar, til að leiða gömul og ný kjarabrotamál til lykta?

Ófrægingarherferð sú sem minnihluti stjórnar stendur nú fyrir gegn réttkjörnum formanni verður rannsökuð og leidd til lykta á öðrum vettvangi, eins og ég hef áður nefnt hér.

Það eru ofangreindar sviðsmyndir sem stjórn Leiðsagnar stendur frammi fyrir í dag og brýnt er að trúnaðarráð átti sig á að komandi kjarasamningsviðræðum verður ekki fram haldið af neinni alvöru fyrr en stjórn verður starfshæf aftur og þá burtséð frá því hver sviðsmyndanna hér að ofan verður fyrir valinu.

Reykjavík, 6. nóvember 2023

Formaður Leiðsagnar - Félags leiðsögumanna



---